

## **209. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

**22. nóvember 2011, kl. 8:30 á Austurvegi 56.**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

### **1. Aðalfundargerð SOS frá 28. október 2011.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### **2. Hauggassöfnun.**

Lögð fram mælingaskýrsla Mannvits. Umhverfisstofnun hefur verið send áætlun um úrbætur. Sérfræðingar á vegum Taiex verkefnisins eru væntanlegir 28.11 til 2.12.2011.

### **3. Sorpa, undirbúningur samstarfs.**

Málið rætt en beðið er viðbragða Sorpu um framhald málsins.

### **4. Sorpstöð Rangárvallasýslu – undirbúningur samstarfs.**

Málið rætt, tillaga að matsáætlun er í vinnslu og ætti að vera tilbúin í desember 2011.

### **5. Fundargerðir samráðsnefndar sveitarfélaganna frá 23.2.2011 og 26.4.2011.**

Fundargerðir lagðar fram.

### **6. Fundargerð verkefnisstjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 15.8.**

Fundargerðin lögð fram.

Stjórn tekur undir gagnrýni verkefnisstjórnar á samskipti við UST um úrgangsmál. Í 3. lið fundargerðar verkefnisstjórnar frá 15. ágúst 2011 kemur eftirfarandi meðal annars fram:

*samskiptin einkennast af hálfu Umhverfisstofnunar af eftirfylgni mála samkvæmt mjög þröngri túlkun laga- og reglugerðartexta og tiltölulega stuttum frestum til að verða við fyrirmælum um úrbætur. Rannsóknir á myndun hauggas hafa leitt í ljós að hún er það lítil á flestum urðunarstöðum að aðrar leiðir til að takmarka losun metans gætu verið hagkvæmar. Því er nauðsynlegt að veita svigrúm til að skoða nánar möguleika á slíku en það kallar á breytingu regluverks. Sambandið hefur sent erindi í umhverfissráðuneytið þar sem m.a. er óskað eftir breytingu regluverks. [...]Umhverfisstofnun hefur sent út fyrirmæli um lokun til nokkurra urðunarstaða, að undangenginni beiðni rekstraradila um að loka staðnum. Ljóst er að talsverður kostnaður getur verið fólgin í því að uppfylla allar kröfur í þessum fyrirmælum.*

### **7. Fundargerð frá samráðsfundum UST og MAST.**

Stjórn SOS tekur undir bókun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) sem lögð var fram á 9. fundi þann 7. Nóvember.

1. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa á síðastliðnu ári settið 8 fundi ásamt öðrum hagsmunaaðilum til að vinna að sameiginlegum tillögum um nýtingu lífræns úrgangs. Fulltrúar sambandsins töldu að náðst hefði samkomulag um ásættanlega kröfu til nýtingar á fullunnum afurðum jarðgerðarstöðva og kjötmjölsvinnslu. Því mótmæla þeir harðlega tillögum MAST sem fram hafa komið á fundi umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og ekki hafa verið ræddar í samráðshópnum áður.
2. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga telja að það sé með öllu óásættanlegt að nú séu komnar fram tillögur sem ekki hafa fengið umfjöllun í samráðshópnum. Einnig er rökstuðningi og skýringum fyrir framkomnum tillögum verulega ábótavant. Þess vegna hafna fulltrúar sambandsins þessum tillögum og fara fram á að þær verði dregnar til baka og að ofangreint samkomulag fái að standa óhaggð. Ef samráðshópurinn hyggst breyta þessu samkomulagi krefjast fulltrúar sambandsins að unnið verði áhættumat og kostnaðargreiningu vegna þeirra breytinga.

#### **8. Bréf frá Árborg, 21.10.2011.**

Bréf lagt fram til kynningar.

#### **9. Bréf frá Íslenska gámafélaginu 19.10.2011.**

Lögfræðingi SOS falið að svara erindinu.

#### **10. Önnur mál.**

- a. Svar Sorpu við fyrirspurn Íslenska Gámafélagsins varðandi viðbótarsamning SOS og Sorpu.

Svar Sorpu dagsett 11.11.2011 lagt fram til kynningar.

Vegna álagðs refsiskatts leggur undirrituð fram eftirfarandi bókun:  
*Undirrituð harmar þá staðreynd að þegar þrjú sveitarfélög á Suðurlandi taka upp fulla flokkun á sorpi skuli þeim vera refsað sérstaklega fyrir það með höfðatöluskatti á viðkomandi sveitarfélög. Á tímum þar sem um fátt er meira fjallað en aukna flokkun sorps er þessi aðferðafræði vægast sagt óeðlileg og harmar undirrituð þessi vinnubrögð sem eingöngu eru til þess fallin að letja sveitarfélög og íbúa þeirra til flokkunar.*

*Aldís Hafsteinsdóttir.*

- b. Bréf frá Umhverfisráðuneytinu vegna landsáætlunar.

Beðið er eftir tillögum frá verkefnisstjórn SÍS um landsáætlun.

- c. Skipulag á KFHL.

Fyrir liggur bréf frá skipulagsstjóra Ölfuss þar sem gert er grein fyrir breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010 – 2022.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10:50.